

From: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Sent: Thursday, April 4, 2024 8:28 AM
To: Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi <ibuarad.haaleitiogbustadir@reykjavik.is>; veitur@veitur.is
<veitur@veitur.is>
Subject: Síðumúli 2-6 - Síðumúli 6 - auglýsing

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Síðumúli 2-6 - Síðumúli 6, birtist í Morgunblaðinu í dag þ.e. fimmtudaginn 4. apríl 2024. Tillagan er í kynningu frá 4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, www.skipulagsgatt.is

Síðumúli 2-6 - Síðumúli 6

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 28. febrúar 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. mars 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Síðumúla 2-6 vegna lóðarinnar nr. 6 við Síðumúla. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóð minnkar og lóðarmörk dragast að húsvegg ásamt því að byggingarreitur stækkar og byggingarmagn eykst. Núverandi hús verður hækkað um eina hæð með efstu hæð inndregna og viðbygging sem verður á núverandi bílastæði verður jafn há framhúsi og einnig með inndregna efstu hæð. Sameiginlegt útisvæði íbúa hússins verður á þaksvölum og jarðhæð sunnan megin við hús. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **4. apríl 2024 til og með 23. maí 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum þessa gátt eigi síðar en 23. maí 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju, Puríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur